


Alþingi  
Erindi nr. P/23/302  
komudagur 27.11.98



## Laganefnd L.M.F.Í.

**Umsögn um frv. til laga um  
sjálfseignarstofnanir sem stunda  
atvinnurekstur (135. mál).**

Reykjavík, 26. nóvember 1998

Stjórn Lögmannafélags Íslands fól laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um framangreint lagafrumvarp.

Með frumvarpinu er stefnt að því að setja atvinnurekstri sjálfseignarstofnana rammalöggjöf, með svipuðum hætti og rekstri fyrirtækja almennt í hlutafélaga- og einkahlutafélagalögunum. Laganefnd telur það til bóta að setja slíkri starfsemi ákveðnar reglur og telur það geta haft í för með sér meiri festu um starfsemina.

Laganefnd telur rétt að vekja athygli á því að í frumvarpinu er ekki beinlínis kveðið á um það hvernig eignum sjálfseignarstofnunar með atvinnurekstur verði ráðstafað við slit stofnunarinnar. Ef til vill mætti hafa slíkt ákvæði í samþykktum (skipulagsskrá) sjálfseignarstofnunar, sbr. 9. gr.

Að öðru leyti gerir laganefnd ekki athugasemdir við frumvarpið, en vekur þó athygli á því að umsagnarfrestur, sem var upphaflega nokkuð stuttur, var stytur enn frekar eftir að frumvarpið barst nefndinni. Hefur frumvarpið því ekki hlotið þá skoðun og umfjöllun nefndarinnar, sem ella hefði fengist með lengri umsagnarfresti.

Virðingarfyllt  
f.h. laganefndar L.M.F.Í.

Marteinn Másson, framkv.stj.